

Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Skipulags- og umhverfisnefnd - 29.02.2012

14. fundur (Aukafundur).

29. febrúar 2012 kl 13:00-15:00

Fundarstaður: Hótel Reynihlíð

Fundarmenn:

Margrét Hólm Valsdóttir

Birgir Steingrímsson

Eyrún Björnsdóttir

Karl E. Sveinsson

Pétur Snæbjörnsson

Starfsmenn:

Bjarni Reykjálín, skipulagsfulltrúi

(fundarritari)

1. Umhverfisstefna Skútustaðahrepps

Farið yfir drög að umhverfisstefnu Skútustaðahrepps og sambærilegar stefnur nokkurra annarra sveitarfélaga.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að vinna tillögur að umhverfisstefnu Skútustaðahrepps í samræmi við umræður á fundinum og leggja þær fyrir næsta fund nefndarinnar.

2. Aðalskipulag Skútustaðhrepps

Ræddar hugmyndir um að endurskoða landnýtingarhugmyndir á svæðinu á milli þéttbýlisins í Reykjahlíð og fyrrverandi athafnasvæðis Kísiliðjunnar, einkum með það

í huga að gefa ferðþjónustuaðilum og jafnvel fleiri aðilum kost á lóðum/athafnasvæðum undir starfsemi sína á þessum slóðum. Í lok fundar var farið í kynnisferð um svæði það sem hér um ræðir.

Nefndin samþykkir að fá fulltrúa frá skipulagsráðgjöfunum til að mæta á fund nefndarinnar til að fara yfir þessar hugmyndir áður en undirbúningsvinnu við gerð aðalskipulagsins lýkur. Nefndin bendir einnig á nauðsyn þess að samhliða vinnu við aðalskipulagið verði fyrirbyggjandi deiliskipulagsdrög þéttbýlisins í Reykjahlíð tekin til endurskoðunar m.a. til að gefa möguleika á fleiri húsagerðum á svæðinu.

Fundi slitið